

Stjórnarfundur FASK

31. Fundur 28. mars 2025 kl 13:00

Mættir á TEAMS : Laufey Guðmundsdóttir, Óskar Arason og Tinna Rut Sigurðardóttir
Fundurinn haldinn í fjarfundi

1. Staðan á viðræðum við Vatnajökulsþjóðgarð og ráðuneytin um uppbyggingu á Jökulsárlóni.

Formaður og gjaldkeri mættu á fund með stjórnendum Vatnajökulsþjóðgarðs um málið í nóvembermánuði. Á þeim fundi var mikil samstaða og ákveðið að í framhaldinu myndi formaður hafa samband við Fjármálaráðuneytið og Umhverfis, - orku og loftslagsráðuneytið um næstu skref. Strax í kjölfarið á þessum fundi þá sprakk ríkisstjórnin og urðu breytingar á ríkisstjórn svo það tafði samtalið við ráðuneytin og er að komast skrið á það núna.

2. Starfshópur um samninga varðandi íshella- og jöklagangna.

Formaður situr fyrir hönd FASK í starfshópi á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs er varðar samninga um íshella og jöklagöngur.

Á fundi sínum þann 13. nóvember s.l. bókaði svæðisráð suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs um að komið væri á fót starfshópi um framtíðarfyrirkomulag samninga um íshellaferðir og jöklagöngur, en stefnan var að gera samninga til þriggja ára með gildistíma frá 1. október 2025. Í starfshópnum ættu helstu hagsmunaaðilar sæti, en að vinnan yrði leidd áfram af Vatnajökulsþjóðgarði og að afrakstur vinnunnar yrði kynntur í byrjun næsta sumars.

3. Fagráðið, laun fagráðsins og umsýsla FASK með þau.

Fagráð hóf störf í lok október og er það vettvangur hagsmunaaðilana, FASK, SAF og AIMG. Hlutverk þess er að meta öryggi við íshella og jöklagöngur á þeim svæðum þar sem rekstraraðilar hafa gildan samning við þjóðgarðinn og hyggjast fara í jökla- og íshellaferðir.

Gjaldkeri gerði grein fyrir því að það eru tveir einstaklingar í fagráði á vegum FASK og senda þeir reikning mánaðarlega fyrir vinnu sína fyrir fagráðið og FASK sendir svo reikning á Vatnajökulsþjóðgarð / Náttúruverndarstofnun. FASK er því eingöngu milligönguliður og leggur hvorki út né hagnast af þessu fyrirkomulagi.

4. FASK 40 ára

FASK er 40 ára í ár og því væri gaman að gera eitthvað skemmtilegt í tilefni afmælisins. Það komu uppástungur um að halda eitthvað húllumhæ í kringum aðalfundinn. Spurning að ákveða á aðalfundi hvort áhugi sé fyrir því meðal félagsmanna að halda uppá áfangann.

Fundi slitið kl 14:00